

L ö g

Nr. 44.

2.
nóvbr.

um viðauka við lög nr. 30, 22. okt. 1912, um vörutoll.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Allar íslenskar vörur, sem endursendar eru til landsins frá útlöndum, eru undanþegnar vörutolli, þó því að eins, að þær sjeu endursendar í hinum sömu umbúðum, sem þær voru sendar í frá landinu.

Afhenda skal gjaldheimtumanni landssjóðs á þeim stað, þar sem heimsend vara er sett á land, vottorð frá tollgæslustöð, þar sem varan er flutt á skip til heimsendingar, um að hún sje íslensk vara.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 2. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.

L ö g

Nr. 45.

2.
nóvbr.

um breyting á lögum um vörutoll nr. 30, 22. október 1912.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 1. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu setjast þar til tollgjalds eftirfarandi vörur:

Soda, krít, leir, karbid, bensin, þakhellur, netakúlur og tómar flöskur.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 2. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu teljast þar til tollgjalds eftirnefndar vörur:

Olíufóðurkukur, melasse og melassemjöl, kjötfóðurmjöl, fiskfóðurmjöl, hjólklafar (blakkir), saumur, brýni, hverfisteinar, kvarnarsteinar, sláttuvjelar, plógar, herfi, skóflur,